

háttsemi þykir hann hafa gerst sekur um brot gegn 1. gr. reglugerðar nr. 61, 1924 um hundahald í Reykjavík og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt kærur eða refsingum, sem hér skipta máli.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982, og þykir hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 6.500 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Sigurbjörnsson, greiði 6.500 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 140/1982. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn

Jóhannesi Reynissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 14. júní 1982. Ágripið barst Hæstarétti 8. febrúar 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði

þyngd. Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði lækkuð verulega og hún jafnframt skilorðsbundin, ef til kemur.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa misfarið með fé það, sem hann er ákærður út af.

Í máli þessu eru ýmis vafaatriði um fjölda þeirra manna, sem áttu rétt á oliustyrk á þeim tíma, er ákærði gegndi starfi sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi, frá 1. júlí 1975 þar til í júníbyrjun 1978. Að vísu liggur fyrir skýrsla um þetta, unnin af þeim Steingrími Jónssyni og Einari Sveinbjörnssyni, er tóku við störfum ákærða á vegum Stokkseyrarhrepps. Skýrsla þessi er hvorki nægilega rækileg og getur heldur ekki talist unnin af óvilhöllum mönnum, eins og mannaskipti þessi urðu á vegum hreppsins og lýst er í héraðsdómi, og er því ekki fært að byggja á henni í refsímáli á hendur ákærða. Þá verður að telja, að hina tölfraðilegu þætti ákæruefnis þessa hefði átt að rannsaka ítarlega af óvilhöllum mönnum, sérfróðum á sviði tölfraði og endurskoðunar. Þeir sérfræðingar hefðu átt að semja rækilega skýrslu, þar sem fram kæmi ítarlega og í einstökum atriðum, hvernig háttað var mannfjölda í Stokkseyrarhreppi á því tímabili, sem ákæran tekur til. Þar þarf einnig að koma glögg fram, hve margir fluttust úr hreppnum og hve margir í hann, hve margir fæddust og hve margir létust og hvenær, enda skipta tíma-mörk höfuðmáli við mat á því, hverjir eigi rétt á oliustyrk samkvæmt þeim reglugerðum, er gilt hafa á starfstíma ákærða sem sveitarstjóra, sbr. 4. gr. reglugerða nr. 174/1974 og nr. 219/1977. Enn fremur þarf í þessari skýrslu að koma fram, hvernig hafi verið háttað fjölda vistmanna á Kumbaravogi og dvalartíma á hverjum ársfjórðungi á þessu tímabili.

Þar sem þess háttar könnun, sem nú hefur verið lýst, hefur ekki farið fram í málinu, teljum við það ekki hafa verið rannsakað með þeim hætti sem nauðsyn ber til, svo að unnt sé að leggja efnisdóm á sakamál þetta. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málalokum verður allur kostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, er ákveðast 25.000.00 krónur samtals bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000.00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar
og Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Í máli þessu er ákærða gefið að sök að hafa ársfjórðungslega á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978 gefið viðskiptaráðuneytinu upp of háa tölu þeirra íbúa Stokkseyrarhrepps, sem rétt áttu til svonefnds olíustyrks samkvæmt lögum nr. 6/1975, lögum nr. 9/1976 og lögum nr. 13/1977 og með því fengið greitt meira fé en þurfti í raun til að greiða hreppsúum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir.

Samkvæmt framangreindum sakargiftum beindist rannsókn lögreglu svo og dómsrannsóknin fyrst og fremst að því að leiða í ljós rétta tölu styrkþega á hverju styrktímabili með því að kanna íbúaskrár hreppsins og bera þær saman við þær tölur, sem ákærði gaf upp til viðskiptaráðuneytis um tölu styrkþega. Sú könnun var þess eðlis, að enga nauðsyn bar til að rannsóknarlögreglumenn eða sakadómari fælu sérstaklega tilkvoddum bókhaldsfróðum mönnum að leysa hana af hendi.

Af því er varðaði meðferð ákærða á því fé, er hann veitti viðtöku úr olíusjóði, er þess að geta, að hann hélt ekkert sérstakt bókhald um greiðslur til einstakra styrkþega. Beindist sá þáttur rannsóknarinnar, sem þetta varðaði, því að því að finna og telja saman kvittanir frá einstökum styrkþegum fyrir mótteknum olíustyrk svo og að kanna sannleiksgildi staðhæfinga ákærða um, að hann hefði innt af hendi greiðslur til einstakra styrkþega án sérstakrar kvittunar þeirra. Verður ekki annað séð en það hafi verið á færi þeirra manna, er fóru með rannsókn málsins að kanna einnig þennan þátt

Þess án þess að kveðja sér til aðstoðar menn sérfróða um bókhald eða endurskoðun.

Samkvæmt framansögðu teljum við engin rök hníga til þess að ómerkja hinn áfrýjaða dóm vegna óviðhlítandi rannsóknarháttá, enda ætti ákærði við efnisdóm í málinu að njóta góðs af vafa um sönnun fyrir ákæruatriðum, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem meiri hluti dómenda hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm, eru ekki efni til að við tjáum okkur í dómsatkvæði þessu um sekt eða sýknu ákærða eða um refsí- viðurlög, ef því væri að skipta.

Dómur sakadóms Árnassýslu 23. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. nóvember sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 4. september 1980, fyrir sakadómi Árnassýslu á hendur Jóhannesi Reynissyni, Austurbrún 29 Reykjavík, fæddum 6. október 1950 í Reykjavík, fyrir að hafa í starfi sínu sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978 svikið út úr ríkissjóði samtals kr. 2.680.100 í formi olíustyrks til hreppsbúa með því að gefa upp ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins ýmist í bréfum eða símtölum, meiri fjölda íbúa hreppsins, sem rétt áttu á olíustyrk úr ríkissjóði en réttmætt var og þannig náð meira fé út úr ríkissjóði en hann þurfti í raun til að greiða hreppsbúum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir, sem sundurliðast eftir tímabilum með eftirgreindum hætti.:

Framanlýst atferli ákærða telst aðallega varða við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 146. gr. og 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Rétt þykir þó eftir öllum atvikum að fresta fullnustu 3. mánaða af ofangreindum 6 mánuðum í 3 ár, frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar, hrl., kr. 12.000 og saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 5.000.

Eigi verða dæmdar skaðabætur, þar sem upplýst er í máli þessu, að í gangi er mál einkaréttarlegs eðlis vegna bótakröfu Stokkseyrarhrepps á hendur ákærða.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Reynisson, fæddur 06.10. 1950, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða skal þó frestað í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940. Til frádráttar komi sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 21. júní til 27. júní s.á.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar, hrl., kr. 12.000 og saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 5.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 29/1983. **Erna Árnadóttir Mathiesen og
Sigurður Örn Hjálmtýsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Einari Matthíassyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Verksamningur. Hjón. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1982, og var málið þingfest 2. apríl 1982. Var málinu síðan frestað nokkrum sinnum, síðast til 7. janúar 1983, en þá féll niður þingsókn af hálfu áfrýjenda. Var málinu þá áfrýjað að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu 1. febrúar 1983. Með 6. gr. laga nr. 67/1982 var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. laga um Hæsta-